

Tillögur Reykjavíkurráðs ungmenna til borgarstjórnar 2015

Kári Arnarson, ungmennaráði Laugardals og Háaleitis

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að útfæra aukna jafnréttis-, kynja- og fordómafræðslu í grunnskólum Reykjavíkur á haustönn 2016.

Greinargerð:

Með því að innleiða jafnréttis-, kynja- og fordómafræðslu á miðstigi og upp úr væri hægt að auka umburðalyndi og vinna gegn fordómum. Á þessum aldri eru krakkar byrjaðir að mynda sín eigin viðhorf og mikilvægt að ungt fólk hafi þekkingu til þess.

Til að innleiða þessa fræðslu í grunnskólum væri kjörið að nýta lífsleiknitíma eða samfélagsfræði. Hægt er að byrja smátt, t.d. með því að hafa fyrirlestra og fræðslu þar sem notaðar eru glærur og myndbönd sem mynda síðan umræður í tímum. Til dæmis er hægt að hafa þema og taka hvert efni fyrir í nokkrar vikur og skipta síðan, svo sem að hafa jafnréttisfræðslu í 2 vikur og svo kynjafræðslu næstu tvær.

Arnar Haukur Rúnarsson, ungmennaráði Krinqluhverfis

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að útfæra kennslu í fjármálalæsi og réttindum á vinnumarkaði í grunnskólum Reykjavíkur á haustönn 2016.

Greinargerð:

Það ætti að bæta við meiri kennslu í fjármálalæsi sem er mjög mikilvægt þar sem unglingar eru að fara út á vinnumarkaðinn og þekkja ekki réttindi sín og hvernig á fara með peninga. Best væri að bæta því við lífsleikni eins og í tillögunni um kynja-, jafnréttis- og fordómafræðslu.

Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir, ungmennaráði Miðborgar og Hlíða

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að fela skóla- og frístundaráði að útfæra aukna kynfræðslu (ekki kynhræðslu) frá 6. bekk og til loka grunnskólans og fjölda kynfræðslutíma í grunnskólum Reykjavíkur. Vinnsla tillögunnar verði hafin fyrir næsta stöðufund Reykjavíkurráðs ungmenna með forsætisnefnd.

Greinargerð:

Við viljum tala um kynsjúkdóma, hvað kynlíf er og leggja áherslu á að kenna ekki bara líffræðilega partinn. Það þarf að fræða krakka um hvað nauðgun er og hvað samþykki er frekar en að leggja áherslu á að forðast að vera nauðgað. Alltof margir halda að nauðgun sé bara þegar einhver gamall perri grípur stelpu í húsasundi en það er alls ekki alltaf þannig.

Fræða þarf krakka um hvað raunverulegt kynlíf er og hvað ekki, til dæmis klám.

Krakkar eiga að vita hvernig á að forðast kynsjúkdóma, ótímabæra þungun og hvernig á að nota getnaðarvarnir. Aðilar eiga að fá já áður en eitthvað gerist og þekkja mörkin, ræða saman áður en áfram er haldið og vita mikilvægi þess að tala saman.

Of mikil áhersla er lögð á fræðslu um kynfærin í samanburði við fræðsluna um kynlífið sjálft og allt sem tengist því. Krakkar hafa oft miklar ranghugmyndir um kynlíf og við viljum koma í veg fyrir það.

Byrja þarf á almennt umræðu í 6. bekk og eykst með ári hverju út grunnskólann. Fá þarf sérfræðinga til að ákveða hvernig best er að fara að. Við leggjum áherslu á að auka fræðslu um kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að taka fram að kynlíf birtist í mörgum myndum og er ekki bara á milli tveggja gagnkynhneigðra einstaklinga.

Steindór Gestur Guðmundarson Waage, ungmennaráði Breiðholts:

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að beina því til stjórnar Strætó bs. að strætóferðum frá Kjalarnesi verði fjölgað og bætt við ferðum kl. 7:20 og kl. 14:39 frá Kjalarnesi strax.

Greinargerð:

Við í ungmennaráði Kjalarness höfum sent marga pósta til stjórnar Strætó bs. í þeirri von að þeir munu auka strætóferðir frá Kjalarnesi en það hefur ekki borið neinn árangur. Það hefur sýnt sig að það vantar ferðir á klukkutímastreki frá og til Kjalarness. Við höfum oft bent á það að við erum hluti af Reykjavík en fáum ekki sömu þjónustu og aðrir Reykvíkingar. Við höfum einnig lagt þetta fyrir Hverfisráðið.

Þær ferðir sem við höfum mikið rætt um að bæta þurfi við eru frá Kjalarnesi klukkan 7:20 á morgnana fyrir þá sem sækja skóla og vinnu í bænum. Einnig vantar strætóferð frá Kjalarnesi klukkan 14:39 en þá lýkur skóla og margir þurfa að sækja íþróttir niður í Mosfellsbæ eða lengra og því þurfa sumir nemendur annaðhvort að sleppa æfingum eða sleppa hluta af skólanum til þess að komast á æfingar því strætó fer frá Kjalarnesi klukkan 13:39 og svo 15:39.

Við gerðum einnig skoðunarkönnun og spurt var: Myndir þú og/eða þitt barn notfæra sér möguleika á strætóferð klukkan 14:39 á virkum degi? Svarhlutfall var tæp 74% allra foreldra

barna í Klébergsskóla. Tæp 80% af þeim sem svöruðu sögðust myndu nýta ferð frá Kjalarnesi klukkan 14:39. Nákvæmar niðurstöður eru hérna fyrir neðan.

Spurning: Myndir þú og/eða þitt barn notfæra ykkur þann möguleika á strætóferð klukkna 14:39 á virkum degi.

Bekkur		Fjöldi nemenda í bekk	Fjöldi svara	Já, mun nýta mér strætóferð klukkan 14:39	Nei, mun ekki nýta mér strætóferð klukkan 14:39
1		5	5	4	1
2		8	4	4	0
3		7	3	3	0
4		21	15	14	1
5		11	4	2	2
6		12	7	5	2
7		11	6	3	3
8		16	15	11	4
9		19	19	14	5
10		13	13	12	1
Samtals:		123	91	72	19

Jessý Jónsdóttir, ungmennaráði Grafarvogs:

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að beina því til stjórnar Strætó bs. að strætóferðum í Grafarvogi verði breytt þannig að leið 6 gangi aftur fram hjá Kelduskóla Vík og að leið 31 gangi oftari og lengur.

Greinargerð:

Strætósamgöngur í Grafarvogi er ábótavant

Leið 6 gengur hvorki í gegnum Víkurhverfið né Hamrahverfið sem þýðir að þessi leið, sem á að vera hverfisleiðin, gengur ekki í öll hverfin í Grafarvogi. Sama á við um leið 31, hún gengur einungis í Hamrahverfið og Foldahverfið ásamt því að stoppa við Egilshöll og Gufunesbæ.

Þetta er ekki fullnægjandi leiðakerfi fyrir þá sem reiða sig á strætósamgöngur. Þessu fylgja ýmis vandamál; erfiðara er fyrir fólk, þá sérstaklega ungmenni, að komast á áfangastað s.s. skólann, tómstunda- og íþróttahús, félagsmiðstöðvar og ýmsar aðrar þjónustumiðstöðvar. Til að bæta gráu ofan á svart gengur enginn frístundavagn í Grafarvogi líkt og öðrum hverfum í Reykjavík stendur til boða.

„Framtíðarsýn okkar byggist á því að viðskiptavinir okkar kjósi að komast leiðar sinnar með strætó vegna þess að það sé mun hagkvæmari, umhverfisvænni og jafnvel fljótlegri kostur en að nota einkabíl.“ Þetta stendur á vefsíðu Strætó bs. undir „Hlutverk, stefnur og framtíðarsýn“. Þetta er hins vegar ekki raunin í Grafarvogi. Í Grafarvogi er strætó ekki ákjósanlegur samgöngumáti fyrir suma íbúa þar sem hverfisvagninn gengur ekki í alla hverfishlutana. Það ætti að vera jafnt aðgengi að almenningssamgöngunum og finnst íbúum Grafarvogs þessi staða því ekki sanngjörn.

Leið 31 gengur einungis á ákveðnum tímum, snemma á morgnana og svo um það bil þegar grunnskólabörn eru á leið úr skóla. Þetta hentar ekki þeim sem ætla að koma sér til og frá vinnu eða framhaldsskólanemendum sem oft byrja seinna í skólanum eða ljúka skóla á öðrum tímum. Leið 31 hættir einnig að ganga rétt fyrir 7 og geta því ungmenni sem sækja félagsmiðstöðina sína í Foldahverfið ekki nýtt sér strætó. Engin þjónusta er í Hamrahverfi sem gerir það að verkum ef fólk reiðir sig á strætó kemst það ekki út úr hverfinu sínu nema fótgangandi til þess sækja sér ýmsa þjónustu. Þetta eru verulega skert lífsgæði fyrir íbúa Hamrahverfis og ekki í takt við önnur hverfi.

Grunnskólar í Grafarvogi voru á síðustu árum sameinaðir ásamt félagsmiðstöðvum og því er ekki viðunandi að það séu ekki strætósamgöngur milli hverfa. Þetta gerir börnum og ungmennum erfiðara að sækja félagsmiðstöðvar og komast til og frá skóla. Með auknu samstarfi hverfanna væri viðeigandi að strætósamgöngur væru í samræmi við það. Afar ósanngjarnt er að unglingur sem býr við hliðina á sinni félagsmiðstöð getur gengið beint inn í hana á meðan einstaklingur í sama skóla sem býr í öðru hverfi býðst ekki einu sinni strætó, og þarf jafnvel að ganga fleiri kílómetra til að komast í félagsmiðstöðina sína.

Íbúum í sumum hverfum Grafarvogs stendur ekki til boða að sækja sína þjónustumiðstöð þar sem hún er á Gylfaflöt og enginn strætó gengur þar. Lágmarksréttindi hverfabúa eru m.a. að geta sótt sér þjónustu en svo virðist sem að öll hverfi séu ekki undir sama hattinum innan borgarinnar.

Líkt og áður kom fram er þetta ekki fullnægjandi leiðarkerfi fyrir íbúa Grafarvogs, erfitt er fyrir fólk að komast á milli staða innan hverfisins sem utan. Þetta á við um skóla, félagsmiðstöðvar, verslanir, vinnustaði og svo mætti lengi upp telja.

Sindri Smáráson, ungmennaráði Árbæjar og Holta:

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að hefja athugun á því hvort Reykjavíkurborg geti á ný boðið upp á sumarvinnu fyrir nemendur í 8. bekk grunnskólans.

Greinargerð:

Ástæðan fyrir því að okkur finnst mikilvægt að það séu störf í boði fyrir 8. bekk er m.a. sú að unga kynslóðin mun vaxa úr grasi og verða að framtíð landsins og við viljum að þau hafi eitthvað fyrir stafni á sumrin. Störf fyrir unglinga hafa gott forvarnargildi og gefur góða starfsreynslu. Vinnuskólinn er jú til staðar en þar eru engin störf í boði fyrir 8. bekk. Vandamálið er ekki unglingarnir, þeir vilja vinna en vandamálið er að það eru fá störf í boði fyrir þennan aldurshóp.

Mörg önnur sveitarfélög bjóða unglingum í 8. bekk upp á sumarstörf, m.a. Rangárþing Ytra og Eystra og einnig Seltjarnarnesbær svo dæmi séu tekin.

Sara Þöll Finnboqadóttir, ungmennaráði Breiðholts:

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að beina því til skóla- og frístundasviðs að það beiti sér fyrir því að frístundamiðstöðvar í Reykjavík ráði til starfa ungt fólk á aldrinum 16-20 ára sem ungliða frá og með hausti 2016.

Greinargerð:

Ungliðar geta komið með hugmyndir að margskonar verkefnum sem þau vilja vinna að í samstarfi við frístundamiðstöðina sína. Ungliðar geta t.d. verið tæknimenn á ýmsum viðburðum, haldið tónleika í sínum hverfi og auk þess hjálpað til við frístundastarfið í sínum félagsmiðstöðvum. Við viljum að ungmenni fái tækifæri til að taka þátt í starfinu sem frístundamiðstöðin hefur upp á að bjóða og að ungmenni fái að koma sínum hugmyndum á framfæri á fjölbreyttan hátt. Við viljum að ungliðarnir fái borgað fyrir starfið sitt því aðrir njóta góðs af því og að vinna ungliðanna verði metin að verðleikum.

Nú þegar hefur frístundamiðstöðin Miðberg tekið af skarið og ráðið nokkra ungliða til starfa á tímasamning. Unglingarnir koma að dagsskrá og viðburðum á vegum Ungmennahúss Miðbergs. Þeir hafa líka séð um hópefli fyrir yngri ungmenni í hverfinu ásamt því sem einn ungliði hefur sérhæft sig í tækjamálum og uppsetningu viðburða.

Að vinna sem ungliði er góður undirbúningur fyrir lífið og gott fyrir hverfið vegna þess að ungliðar vinna ekki eingöngu að verkefnum fyrir ungmenni heldur nýtur allt hverfið góðs af því. Þetta er góð reynsla og lærdómsríkt og kennir ungmennum hvernig það er að vera á atvinnumarkaðinum, hvernig á að axla ábyrgð og hvernig á að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Einnig er hægt að líta á þetta sem forvarnarverkefni fyrir ungmenni.

Margrét Sæmundsdóttir, ungmennaráði Árbæjar og Holta

Sameiginlegur fundur borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna samþykkir að Reykjavíkurborg og Vinnuskóli Reykjavíkur bjóði upp á fjölbreyttari sumarstörf fyrir unglunga á aldrinum 13-18 ára, helst sumarið 2015 en annars fyrir sumarið 2016.

Greinargerð:

Við viljum að boðið verði upp á önnur störf en einungis hefðbundin garðyrkjustörf svo að unglingar og ungmenni fái tækifæri til að kynnast fleiri störfum, t.d. í veggjalistarhópum og kaffihúsahópum og að vinna með börnum og öldruðum.

Félagsmiðstöðvahópar

Hópar í félagsmiðstöðvum sem samanstendur af krökkum í unglingadeild. Þau eru á sömu kjörum og aðrir hjá vinnuskólanum, þau fá að vinna að ýmsum störfum, t.d. á leikskóla, með öldruðum, sjá um félagsmiðstöðuna sína (þrífa, mála), ásamt hefðbundnum vinnuskólastörfum. Það hefur skilað góðum árangri og unglingarnir sem hafa fengið að taka þátt í þessum hópum eru ávallt ánægðir.

Ungmennahópur

Ungmennir á aldrinum 15-18 ára hafa fengið að vinna að allskonar verkefnum svo sem kaffihúsaþróun sem sá um kaffihús í félagsmiðstöðinni.

Fleiri dæmi um störf eru m.a. störf á leikskóla, á elliheimilum, í félagsmiðstöðvum, við afgreiðslu í sundlaugum og við að laga og betrubæta hverfin okkar ásamt öðru.

Fjölbreytt störf efla þekkingu og reynslu unglinga og þau verða víðsýnni. Vinnureynslan sem þau fá á eftir að skila sér þegar þau fara út á vinnumarkaðinn seinna meir.

Það er mikilvægt að krakkar vilji sækjast í sumarvinnuna og hafi áhuga á því. Ef það eru fjölbreyttari störf í boði eru mun meiri líkur á að krakkar sækist frekar í þau. Við teljum það vera mjög góða forvörn að ungmenni hafi eitthvað að gera á sumrin sem þau hafa gaman að.